

Vefur á grein

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að kenna nemendum að nýta sér efni úr náttúrunni og gera það að nytjahlut í vefnaði, læra þannig að bjarga sér. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Samþætting kennslu í handmennt, listgreinum, heimilisfræði, náttúrufræði og sögu.

Aldur: Yngsta stig.



VERKLÝSING

Fundnar eru góðar trjágreinar sem hægt er að nota í vefstokk. Því næst er útibúinn vefur á greinina sem nemendur vefa á. Að verki loknu er vefurinn látinn vera á greininni.

Efnið er sótt í skóg þegar verkefnið hefur verið undirbúið innan dýra og úrskýrt.

Hægt er að taka efnið í annarri ferð og geyma inni þar til það er notað.

Vefurinn undirbúinn og ofinn.

Fjallað um trén í upphafi, áður en farið er út.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Klippur, band í vefinn og garn í mottuna.

Nota má birki, víðitegundir eða runna, s.s. rifs, sólber eða sírenur.

Efnið má vera frá 2 cm svert. Hægt er að hugsa sér stærri greinar og vefi fyrir eldri nemendur.

Varast þarf að taka kalgreinar sem eru stökkar og brotna.